

Stjórnarfundur

15. ágúst 2019

Þórunnartúni 6 (hjá Skógræktarfélagi Íslands)

kl. 12:00 – 14:00

Mættir: Reynir Kristinsson, Jónatan Garðarsson, Rósbjörg Jónsdóttir, Brynjólfur Jónsson og Einar Gunnarsson. Jóhannes Bjarki Tómasson er ekki á landinu.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Fundargerð síðasta fundar 3. maí 2019.
Samþykkt.
2. Breytingar á stjórn, verkaskipting stjórnar.
 - a) Jóhannes Bjarki Tómasson kemur inn sem fulltrúi Landverndar í stað Auðar Magnúsardóttur.
 - b) Brynjólfur Jónsson kemur inn sem fulltrúi Skógræktarfélags Íslands í stað Einars Gunnarssonar, sem er að hætta hjá Sí.
 - c) Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Sí verður ráðin til að halda utan um samninga, sinna samskiptum við viðskiptavini, sjá um heimasíðuna og halda utan um reikninga sem berast. Ragnhildur fær prókúru umboð í stað Hrefnu Einarsdóttur og Brynjólfs. Mikill fjöldi fyrirtækja hefur gert samninga við Kolvið að undanförunu og fleiri samningar eru í farvatninu. Jafnframt hefur fjöldi einstaklinga sem kolefnisjafna einkaneyslu sína aukist mikið. Umfangið hefur tvöfaldast frá síðasta ári. Lagt er til að Ragnhildur sitji fundi stjórnar og riti fundargerðir. Jón Ásgeir Jónsson mun annast vinnu á vettvangi og stjórna útiverkum, skipulagningu landnýtingar, sinna plöntu- og áburðakaupum, mönnun gróðursetningar og eftirliti.

3. Áritun ársreikinga.

Ársreikningur fyrir 2018 liggur fyrir og var áritaður.

Rekstrartekjur:

Kolefnisjöfnun:	21.007.319
Aðrar tekjur:	1.500.000
Samtals	22.507.319

Rekstragjöld:

Kostnaður og breytingar vegna gróðursetningar	13.114.693
Annar rekstrarkostnaður	5.267.187
Samtals	18.381.880

Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur	258.739
Gengismunur	12.422
Gengisbreytingar markaðsverbréfa	490.112
Samtals	761.237

Hagnaður ársins

4.866.712

Eigið fé og skuldir samtals

36.464.690

Fram kom að plöntukaup eru mun óhagstæðari nú en áður var eftir að Barri hætti starfsemi og erfiðara er að fá trjáplöntur til gróðursetningar vegna þess hvað framleiðendum hefur fækkað. Endurskoðunarkostnaður er mjög hár og vonir standa til að hann lækki á næsta ári.

Óskað er eftir því að rekstraráætlun verði kynnt á næsta fundi og að farið verði í gegnum samsetningu verðbréfa með það að leiðarljósi að Kolviður fjárfesti ekki í óumhverfisvænum fyrirtækjum, heldir horfi til grænna kosta í því sambandi.

4. Samningur við KPMG um bókhald.

KPMG gerði tilboð í bókhaldsvinnuna. Reynir fundaði með þeim 18. júní og farið var yfir þá þætti sem þarf að koma á hreint áður en þeir taka við um miðjan ágúst. KPMG mun gera alla sölureikninga á viðskiptavini í Navison kerfi og bókast reikningarnir í leiðinni. KPMG þarf að fá reikninga vegna efniskaupa og annarra kostnaðarpátta sem berast Kolviði skannaða og senda til sín. KPMG fær lesaðgang að reikningum Kolviðar og tekur 600 kr. fyrir hverja færslu. Þeir safna saman öllum reikningum og gögnum og færa á einu bretti á þriggja mánaða fresti, sem telst ein færsla, þannig að kostnaður vegna þessa ætti að verða í lágmarki. KPMG fer fram á að fundargerðir verði ávallt undirritaðar. Fyrirtækið býðst til að annast launabókhald og sinna lögfræðipjónustu ef á þarf að halda. Mikilvægt er að stjórn Kolviðar fái betri og gleggri yfirsýn í tengslum við tekjustreymi frá einstaklingum og fyrirtækjum í nánustu framtíð og að slíkar upplýsingar sem liggja fyrir á stjórnarfundum.

5. Samningur við SÍ.

SÍ mun annast faglega ráðgjöf, skipulag gróðursetningar, umsjón með plöntu- og áburðarkaupum, eftirlit með plöntuframleiðslu, skipulag flutninga plantna og geymslu, eftirlit með verktökum í gróðursetningu, eftirlit með Kolviðarskógum, svörun fyrirspurna og vegna þátttöku í markaðssetningu. Fyrir þetta greiðast 2.160 þús kr. á ári. SÍ sér um reikningsgerð og innheimtu og áætlað er að kostnaður vegna þess verði 525 þús kr. á ári. Kostnaður vegna umsjónar með heimasíðu er áætlaður 960 þús kr. á ári. Gera þarf nýjan samning um þessa liði og annað sem SÍ ynnir af hendi þegar í ljós kemur hvernig mál þróast miðað við nýja skipan mála.

6. Samningar um kolefnisjöfnun um 20.000 tonn koldíoxíðs.

Fjöldmörg fyrirtæki hafa bæst við að undanförunu og einnig fjölgar þeim einstaklingum sem skrá sig í gegnum heimasíðu Kolviðar. Meðal þeirra fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem hafa nýlega gengið til samninga eða hafa óskað eftir samningi má nefna Straumhvarf-Arctic Adventures, Bónus, Arion banka, Grid ehf, ISAVIA, Hagstofuna, Toyota, Hafnarfjarðabæ, Urta Islandica ehf og Bláa lónið. Einnig eru Nova, Festi -N1, Olís, Pizza Pizza - Dominos pizza, Ferðaskrifstofa Íslands, Samfylkingin, Aldan stéttarfélag, Laundromat kaffihús, Lánasjóður sveitarfélaga og Icelandair ásamt fleiri aðilum.

7. Skipulag og staða plöntunar árin 2019-2020.

a) Huga þarf fljótleg að útvegum plantna fyrir árið 2020 en þörf er á að tryggja 400.000 trjáplöntur 2020 og annað eins árið eftir. Reynir fær samþykki stjórnar til að hefja samningaviðræður við plöntuframleiðendur. Reiknað er með að hækka kolefnisgjaldið um áramótin úr 2000 kr. í 2200 kr., sem samsvarar um 15 evrum. Vonast er til að viðbótartekjur verði um 4-5 milljón kr. sem gætu skapað svigrúm

til að hægt verði að ráða starfsmann í hálfra stöðu. Nokkur minni fyrirtæki hafa óskað eftir að kolefnisjafna og fá leyfi til að nýta merki Kolviðar í markaðsskyni. Samþykkt var að slík fyrirtæki þurfi að sanna sig með skýrum hætti og að lágmarksgjald í upphafi verði ekki lægra en 100 þús kr.

b) Skipulag plöntunar 2020.

Fengist hefur viðbótarland á Geitasandi og enn er nokkuð land eftir á Úlfjótsvatni. Í Skálholtslandi er ekki hafin gróðursetning ennþá. Þessi svæði ættu að duga í 2-3 ár. Skógræktarfélag Borgarfjarðar er með samning um stórt land sem er í eigu Reykholtskirkju og nær frá Reykholtsstað að Hvítá. Félagið vill ganga til samninga við Kolvið. Á Mosfellsheiði verður talsvert land til umráða innan 3-4 ára, en þar er að hefjast tilrauna gróðursetning. Þetta er samvinnuverkefni Kolviðar, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

c) Landnotkun.

Fleiri aðilar hafa boðið land til gróðursetningar. Þar á meðal eru Vopnfirðingar, en hugmyndin er að HB Grandi kolefnisjafni 1-2 skip í samvinnu við heimamenn. 100 ha svæði við ósa Laxár í Norðurþingi kemur til greina, svæði í Húsavíkurfjalli er bundið af Landgræðslusamningi en þar gæti viðbótarland komið til greina. Boðið hefur verið svæði í landi Ystafells í Þingeyjarsýslu, í landi Neðribæjar og Vagnsstaða í Borgarhöfn í Suðursveit, Sjómannadagsráð hefur boðið 300 ha spildu úr landi Hraunkots nærri sumarhúsasvæði sínu í Grímsnesi. Þá koma Árdalir/Klauftir við Litlu Laxá til greina og hugsanlega á Haukdalsheiði, þó svo að það sé ekki alveg á hreinu hvernig eignarhaldi er háttað þar. Verið er að huga að landi í nágrenni Akureyrar. Þessi mál eru öll á byrjunarstigi

8. Heimasíðan.

Nýja heimasíðan hefur virkað ágætlega og það eru komnar nokkrar ábendingar um hluti sem betur mega fara. Mikilvægt er að bregðast fljótt og vel við þeirri ósk að einstaklingar og fyrirtæki geti fengið rafræna staðfestingu á kolefnisjöfnun í gegnum heimasíðuna.

9. Lógó fyrir Loftslagsskóga, fyrstu tillögur.

Stjórn Kolviðar hefur fengið fyrstu tillögur að lógói fyrir Loftslagsskóga sendar í tölvupósti og gefið álit sitt. Reynir ræddi þann möguleika að nýta Loftslagsskóga hugtakið og það sem því fylgir í því skyni að vinna nánar með skógræktarfélögum víðs vegar um landið. Félögin gætu tekið frá ræktunarspildur sem fengju heitið Loftslagsskógar þar sem heimamenn ættu kost á að kolefnisjafnað með því að gróðursetja sjálfir eða láta gróðursetja fyrir sig. Með þessu móti mætti virkja almenning og breiða boðskapinn út.

10. Tilraunareitur á Mosfellsheiði.

Búið er að girða tilraunareitina á Mosfellsheiði, en ekki verður farið í að gróðursetja í þá fyrr en með haustinu. Langvarandi þurrkar í sumar hafa komið í veg fyrir að hægt væri að planta út í reitina. Starfsfólk á Mógilsá annast þessa vinnu. Rósbjörg flytur þau skilaboð frá Landverndarfólki að áhersla verði lögð á að gera tilraunir með íslenskar tegundir á Mosfellsheiði. Reiknað er með að niðurstöður af tilrauninni liggi fyrir eftir nokkur ár, en að landið á Mosfellsheiði verði tilbúið til gróðursetningar eftir um það bil 3-4 ár.

11. Samstarf á Norðurlandi.

Lítið hefur gengið þar sem ekki hefur unnist tími til að fylgja þessu eftir og málið er enn á byrjunarreit. Vonast er til að hægt verði að fá aðila eins og Samherja og jafnvel fleiri aðila að þessu verkefni á Akureyri í samvinnu við Skógræktarfélag Eyfirðinga.

12. Húsavík – Norðurþing kolefnisjafnað sveitarfélag.

Það er áhugi fyrir hendi á Húsavík en finna þarf svæði til að gróðursetja í. Það er nauðsynlegt að fara norður og hitta heimamenn og jafnvel að nota ferðina í leiðinni og ræða við Vopnfirðinga.

13. Önnur mál.

Minnt var á mál sem rætt var á síðasta fundi sem tengist hugsanlegu samstarfi við Votlendissjóð. Það væri ráð að hitta fleiri stjórnarmenn en formanninn og nýja framkvæmdarstjórnann og kanna stöðuna, en samvinna gæti gangast báðum aðilum.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næstu fundir stjórnar Kolviðar 11. október kl. 12:00.

Fundargerð ritaði Jónatan Garðarsson

Undirskriftir: